

## REGLUGERÐ

### um búfjárhald í Neshreppi utan Ennis.

#### 1. gr.

Í Neshreppi utan Ennis er óheimilt að vera með búfjárhald nema hjá þeim bændum sem á lögbýlum búa og hafa landbúnað fyrir aðalatvinnu. Hreppsnefnd getur þó veitt öðrum sérstök leyfi til búfjárhalds gegn þeim skilyrðum sem um getur í reglugerð þessari.

#### 2. gr.

Hver sá sem vill fá leyfi til búfjárhalds skal senda um það umsókn til hreppsnefndar ásamt yfirlýsingu um að hann beri að öllu leyti ábyrgð á því tjóni sem gripir hans kunna að valda.

#### 3. gr.

Allur lausangangur búfjár, hverju nafni sem nefnist er bannaður innan girðingar umhverfis Rif og Hellissand. Hreppsnefnd er hvenær sem er heimilt að banna alla umferð með hross utan þjóðveggar, um þétthýli (Rif og Hellissand). Hvern þann grip sem fyrir kemur laus innan nefndrar girðingar, skal sveitarstjórn taka í vörslu og gera eiganda skylt að fjarlægja gripinn. Sinni eigandi ekki gripnum innan sólarhrings skal lögreglustjóri fara með hann sem um getur í 6. gr.

#### 4. gr.

Öll gripahús skulu byggð úr þannig efni að auðvelt sé að halda þeim snyrtilegum og að búfénu líði vel í þeim. Húsunum skal haldið vel við, þau máluð að utan og haldið hreinum. Öll óhreinindi frá búfénu (tað o. þ. h.) skulu fjarlægð og er með öllu bannað að safna neinu slíku utan húss né innan, milli ára.

#### 5. gr.

Hreppsnefnd skal veita leyfi til búfjárhalds hverjum þeim sem ekki hefur gerst brotlegur í meðferð búfjár. Ef leyfishafi brýtur ítrekað reglur um meðferð búfjár, t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, skal afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

#### 6. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar sem reglugerð þessi mælir fyrir um, skal lögreglustjóri hlutast til um að búfé sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða slátra því að undangenginni aðvörun. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins þannig að það veldur tjóni eða óþrifum. Allan kostnað sem leiða kann af því að fjarlægja eða taka búfé úr meðferð, sem brotlegt er samkvæmt reglugerð þessari skal lögreglustjóri innheimta hjá eiganda búfjárins.

#### 7. gr.

Hver sá sem fær leyfi til búfjárhalds skal greiða árlega leyfisgjald og beitartoll til Neshrepps utan Ennis. Með greiðslu beitartollsins fær leyfishafi upprekstrarheimild fyrir búfé sitt í eignarlandi hreppsins. Gjöld þessi skulu miðast við tegund og fjölda gripa. Þegar hreppsnefnd ákveður upphæð þessara gjalda skal hún hafa til hliðsjónar þann kostnað sem sveitarsjóður þarf til að greiða vegna búfjárhalds í hreppnum, svo sem vörslu lands, kostnað við smölun o. fl. Gjöld þessi mega ekki verða tekjustofn til annara verkefna sveitarfélagsins.

## 8. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um að búfjárhald girðing sé umhverfis þéttbýli í hreppnum og skipuleggja landsvæði fyrir búfjárhald.

## 9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, sbr. lög nr. 38 23. maí 1980, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. apríl 1982.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## G J A L D S K R Á

fyrir heimaþjónustu á vegum félagsmálaráðs Dalvíkur og Dalbæjar  
— heimilis aldraðra.

## 1. gr.

Fyrir heimaþjónustu á vegum félagsmálaráðs Dalvíkur og Dalbæjar skal neytandi greiða fyrir hverja unna klukkustund í samræmi við eftirfarandi gjaldstiga:

1. taxti .....	kr. 6,00
2. taxti .....	— 35,00

## 2. gr.

Greiðslutaxti neytanda ákvarðast af mánaðarlegum tekjum hans. Samkvæmt 1. taxta greiðir einstaklingur sem hefur mánaðarlega minni tekjur en svarar til tvöfalda einstaklingslífeyris almannatrygginga auk tvöfaldrar tekjutryggingar, svo sem þessar upphæðir eru í þeim mánuði, sem heimaþjónustan fer fram. Hafi einstaklingur hærri tekjur mánaðarlega en þessu nemur skal hann greiða eftir 2. taxta. Hjón og sambýlisfólk er nota heimaþjónustu greiða eftir 1. taxta, hafi þau lægri mánaðartekjur en svarar til 1,5 földum lífeyri hjóna með tekjutryggingu, en skv. 2. taxta ella.

## 3. gr.

Félagsmálaráði er heimilt að víkja frá gjaldskrá þessari ef þar að lútandi umsókn berst ráðinu og aðstæður krefjast þess.

## 4. gr.

Heimaþjónusta sem innt er af hendi eftir 1. febrúar 1982 skal greidd eftir gjaldskrá þessari.